



Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2020
Tilvísun ÞÍ: 2020020725/2.0

Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (fæðingarstaður og sveitarfélag fyrsta lögheimilis barns), 119. mál

Þjóðskrár Íslands vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 12. febrúar 2020, þar sem frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (fæðingarstaður og sveitarfélag fyrsta lögheimilis barns), 119. mál. Athugasemdir Þjóðskrár Íslands fara hér á eftir.

Þjóðskrár Íslands bendir á að fyrsta lögheimili barns er í dag nú þegar skráð í þjóðskrá á grundvelli 10. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um skráningu einstaklinga, nr. 140/2019. Ákvæðið, sem kveður á um að lögheimili sé skráð í þjóðskrá, leiðir af sér að við skráningu barns í þjóðskrá í kjölfar fæðingar er fyrsta lögheimili þess, þar á meðal sveitarfélag, skráð. Varðveitast þær upplýsingar svo í breytingaskrá þjóðskrár.

Upplýsingar um fyrsta lögheimili einstaklings kemur t.d. fram þegar gefið er út lögheimilissöguvottorð fyrir einstakling.

Eru þær upplýsingar sem þessu frumvarpi er ætlað að bæta við í þjóðskrá hluti af lögheimilisskráningu 10. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um skráningu einstaklinga.

Þjóðskrár Íslands bendir að lokum á það er mat stofnunarinnar að ákvæði er varða skráningarbreytur í þjóðskrá eigi frekar heima í lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019 enda er það sú löggjöf sem fjallar um hvaða upplýsingar eru skráðar um hvern einstakling í þjóðskrá. Líkt og fram hefur komið er í 1. mgr. 6. gr. laga um skráningu einstaklinga talið upp hvaða upplýsingar eru skráðar um einstaklinga í þjóðskrá, þar á meðal fæðingarstaður og lögheimili, sem og aðrar skráningarbreytur sem þjóðskrá heldur.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Inga Helga Sveinsdóttir
lögfræðingur